

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

#### 1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 11. gr. samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004.

#### 2. gr.

Rotþróargjald árið 2006 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 6.100 pr. þró
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 7.300 pr. þró
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 8.700 pr. þró
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 2.300 pr./m <sup>3</sup>

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

#### 3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra 5. október 2006, með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra nr. 910/2004, öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 7. nóvember 2006.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2006